



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 14. september 2020
2009439SA KB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um áform um breytingu á hafnalögum – mál nr. 153/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda, dags. 21. ágúst sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um fyrirhugaðar breytingar á hafnalögum nr. 61/2013. Þær breytingar sem ætlunin er að verði í frumvarpinu eru:

1. Setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins- og ráðsins (ESB) 2017/352.
2. Endurskoða ákvæði um heimildir hafna til gjaldtöku til að endurspeglar betur aflagjöld af eldisfiski.

Sambandið óskar eftir því að einnig verði gerð breyting á hafnalögum til að tryggja lagaumhverfi fyrir notkun eftirlitsmyndavéla á höfnum í þágu hafnarverndar. Mjög algengt er að hafnir streymi rauntímaefni myndavéla á opnum vefsíðum sínum í því skyni að leyfa bátaeigendum að fylgjast með bátum sínum og veðurlagi. Einnig er þetta gert til að leyfa skipstjórnarmönnum sem eru að koma til hafnar að sjá hvar eru laus pláss við hafnir.

Vefstreymi rauntímamyndefnis á opnum vefsvæðum getur verið varhugavert þegar litið er til meginreglna persónuverndarlaga um meðalhóf, enda felur það óhjákvæmilega í sér að aðgangur er veittur að myndefni umfram nauðsyn. Til að lágmarka áhrif á persónuvernd hefur verið skoðað að setja upp vefstreymi á lokuð svæði en það þykir ekki framkvæmanlegt þar sem ekki er hægt að sjá fyrir hver þarf að skoða vefmyndavél hverju sinni í þeim tilgangi sem tilgreindur er hér að ofan. Á það sérstaklega við um erlend skip sem nýta sér myndefni í sínum störfum.


Er því óskað eftir því að bætt verði inn í fyrirhugað frumvarp ákvæði er heimilar vefstreymi á rauntímamyndefni á opnum vefsvæðum. Sambærilegt ákvæði má finna í lögum nr. 120/2012 um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, er tryggir Vegagerðinni sambærilegar heimildir í þágu samgönguöryggis. Sú heimild felur einnig í sér heimild til að afhenda lögreglu upptökur t.d. við rannsókn sakamála, mannhvarfa eða samgönguslysa og er æskilegt að sama eigi við um rafrænt eftirlit við hafnir. Heimild Vegagerðarinnar má finna í 4. mgr. 4. gr. en hún er svohljóðandi:

Vegagerðin annast rekstur tölvu- og upplýsingakerfa er lúta að starfsemi stofnunarinnar. [Vegagerðinni er heimilt að viðhafa rafræna vöktun eða taka myndir með reglulegu millibili á samgöngumannvirkjum í þeim tilgangi að stuðla að auknu samgönguöryggi. Stofnuninni er heimilt að miðla upplýsingum sem þannig er aflað til vegfarenda með rafrænum hætti að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vegagerðinni er einnig heimilt að miðla upplýsingum til lögreglu og rannsóknarnefndar samgönguslysa með rafrænum hætti þegar rannsakað er sakamál, mannhvarf eða samgönguslys.]¹⁾

Sambandið tekur einnig undir þær ábendingar er koma fram í umsögn Hafnarsambands Íslands og Sambands sjávarútvegssveitarfélaga og hvetur til þess að þau atriði séu tekin til skoðunar.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri